

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 389, 19. júní 1997,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna: „1. september 1997“ í 2. mál. 1. mgr. 2. gr. komi: 31. desember 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 520

26. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 460/1993,
um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði Íslands.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málgr. 3. gr. orðast svo:

Nefndin er kosin til eins árs í senn og er starfstími hennar frá 1. október til 30. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmynda-
mál, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfstíma úthlutunarnefndar er kosin var samkvæmt 3. gr. haustið 1996 lýkur 30.
september 1997.

Menntamálaráðuneytinu, 26. ágúst 1997.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.